

Eva Molnar gegn Ungverjalandi

Dómur frá 7. október 2008

Mál nr. 10346/05

11. gr. Funda- og félagafrelsi

Útifundur. Tilkynningarskylda. Afskipti lögreglu.

1. Málsatvik

Kærandi, Eva Molnar, er ungverskur ríkisborgari, fædd árið 1954 og búsett í Engelskirchen í Þýskalandi. Í kjölfar þingkosninga í Ungverjalandi árið 2002 tók hún þátt í mótmælafundi í Búdapest sem leystur var upp af lögreglu. Var sú ákvörðun tekin á grundvelli löggjafar um fjöldafundi. Í lögnum er sett það skilyrði að tilkynna skuli lögreglu um útifundi áður en þeir hefjast og að fundir megji ekki trufla umferð. Þar sem ekki hafði verið tilkynnt um fundinn fyrirfram og þar sem hann olli stöðvun umferðar var ákveðið að leysa hann upp.

Kærandi höfðaði mál fyrir dómstólum og krafðist viðurkenningar á því að afskipti lögreglu hefðu verið ólögmæt. Undirréttur hafnaði kröfum hennar í október árið 2003. Þar var tekið fram að tilkynningarskylda um fjöldafundi ætti við um hvers kona fundi, mótmælafundi sem aðra fundi. Þar sem þessari skyldu hefði ekki verið sinnt hefði lögregla ekki átt neinna annarra kosta vól en að leysa fundinn upp. Bent var á að tilkynningarskyldan þjónaði almannahagsmunum þar sem ávallt þyrfti að tryggja réttindi og hagsmuni annarra og hugsanlega grípa til varúðarráðstafana ef líkur væri á að fundur skapaði glundroða eða umferðaröngþveiti. Dómur þessi var staðfestur af yfirrétti í júlí árið 2004.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að með því að leysa upp mótmælafundinn á grundvelli þess að ekki hefði verið tilkynnt um hann fyrirfram hefði verið brotið í bága við rétt hennar til funda- og félagafrelsis samkvæmt 11. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Mat dómstólsins var að með því að leysa upp mótmælafundinn hefði verið stefnt að lögmætum markmiðum í skilningi 2. mgr. 11. gr. sáttmálans, þ.e. að því að firra glundroða og að vernda réttindi annarra. Bent var á að yfirvöld hefðu gripið til aðgerða í ljósi þess að um ólögmætan mótmælafund hefði verið að ræða en hann hefði leitt til þess að mikilvæg umferðaræð í Búdapest hefði teppst. Einnig var litið til þess að kærandi hefði tekið þátt í mótmælafundinum og að á honum hefði því einkum verið mótmælt að annar ólögmætur mótmælafundur hefði verið leystur upp. Dómstóllinn lagði áherslu á það að mótmælafundurinn hefði ekki verið leystur upp fyrr en kl. 21 en hann þá staðið frá kl. 13 fyrr um daginn og kærandi hafði tekið þátt í honum frá kl. 19. Hafði kærandi því haft nægan tíma til að sýna samstöðu með öðrum mótmælendum áður en fundurinn var leystur upp.

Með hliðsjón af framangreindu var það mat dómstólsins að afskipti lögreglu af fundinum, þ.e. sú takmörkun á réttindum kæranda til funda- og félagafrelsis gæti ekki talist ósanngjörn. Þrátt fyrir að lögreglu hefði ekki verið tilkynnt um fundinn fyrirfram sýndu stjórnvöld nauðsynlega biðlund gagnvart honum. Þar sem mótmælafundurinn leiddi að endingu til umferðartafa og glundroða áttu stjórnvöld engra annarra kosta vól en að leysa hann upp. Með hliðsjón af framangreindu og í ljósi þess að meðalhöfs hafði verið gætt við takmörkunina á réttindum kæranda var það einróma niðurstaða dómstólsins að ekki hefði verið brotið í bága við 11. gr. sáttmálans.